



„Gálkn“ eftir Tryggva Ólafsson.

MYNDLISTARSYRPA

Það er til mikils vansa hvernig opinberir aðilar hér á landi hafa vanrækt að kynna hræringar í evrópski myndlist samtímans hér á landi, og nánast óskiljanlegt hvernig Listasafn Íslands hefur komist upp með að vanrækja skyldur sínar í þessum efnum áratugum saman. Þeim mun meiri fengur er af þeirri sýningu 12 finnskra listamanna, sem opnuð var á Kjarvalsstöðum um síðustu helgi. Þessi sýning gefur okkur allgóða innsýn í nokkrar hræringar í finnski nútímalist, og eiga frumkvöldar hennar miklar þakkir skyldar.

Þegar gengið er inn í austursal Kjarvalsstaða blasa við okkur þrjú stór málverk eftir finnsku listakonuna **Leenu Luostarinen**, sem eru grípandi fögur og full af nýrómantískum exppressionisma. Luostarinen sameinar í verkum sínum norrænan tilfinningahita og suðræn viðfangsefni, eins og myndina af múrveggnum sem leiðir hugann til norðurstrandar Afríku. Meðal annarra athyglisverðra verka á sýningunni eru tréskúlptúrar eftir **Radoslaw Gryta**, sem í einfaldleik sínum gefa til kynna þá viðleitni efnisins að upphelja þyngdaraflið og leita til himins. Eða flennistór- ar jarðlitastemmur **Raili Tang**, sem fylla gafl salarins og eru eins konar formlausar hugleiðingar um samspil litanna. Spennan í þessum myndum byggist ekki síður á þeim vitnisburði sem þær eru um glímu listakonunnar við viðfangsefnið, þar sem útkoman er engan veginn fyrirfram gefin. Margt fleira athyglisvert er á þessari sýningu, sem áhugafólk um myndlist ætti ekki að láta fram hjá sér fara.

Totemsúlur

Í vesturanddyri Kjarvalsstaða hefur **Helgi Gíslason** sett upp myndarlega sýningu á tréskúlptúrum, sem teygir sig reyndar inn í Vestursalinn þar sem Sigurður Órlygsson sýnir málverk. Skúlptúrar Helga eru eins konar totem-súlur úr gróflaga höggnum víði þar sem víða koma fram málmeðgjáar eða oddar, og sums staðar hefur Helgi roðið lit á myndirnar eins og til þess að undirstrika totem-edli þeirra. Helgi sýnir mikla tilfinningu fyrir efninu, þegar best lætur eru myndir hans afhjúpun á formum sem legið hafa djúpt í sameiginlegri dulvitund mannsins frá örófi. Helgi hefur þannig sýnt okkur að hann hefur galdur höggmyndalistarinnar á valdi sínu og er orðinn í fremstu röð listamanna okkar á þessu sviði. Þetta er sterkasta sýning sem ég hef séð frá Helga til þessa.

Sambandsleysi

Sigurður Órlygsson hefur færst mikið í gang með sýningu sinni í Vestursalnum, þar sem hann sýnir 13 stór myndverk. Þetta eru stórar, formsterkar og litríkar akrílmýndir með grófu yfirborði og viðskæyttum aðskotahlutum sem Sigurður tengir formum myndflatarins eins og hann sé að teygja málverkið í áttina að skúlptúrnum. Það er rétt til fundið hjá Sigurði að takmarka fjölda verkanna og velja þeim gott rými, því myndirnar njóta sín til fulls í þessum stóra sal og bera hann uppi með aðstoð þriggja höggmynda eftir Helga sem bæta sýninguna upp. En þegar ég stend andspænis þessum verkum Sigurðar og reyni að átta mig á hvað þau segja mér, þá fæ ég það á tilfinninguna að eitthvað vanti á sambandið, annað hvort frá minni hálfu eða myndanna. Þótt þessar myndir séu stærri og einfaldari í formi en þær sem ég hef áður séð frá Sigurði, þá eru þær um leið fjarlægari og einhverfari. Myndirnar verka á mig eins og klettaveggurinn sem lifir sínu lífi hvort sem einhver horfir á hann eða ekki, og þá er spurningin bara hvort sambandsleysi mitt við myndirnar stafar af of duldum eiginleikum þeirra eða hvort hér sé tjaldað of stórum leiktjöldum.

Trylltir hestar

Jóhanna Bogadóttir heldur um þessar mundir sýningu á um 30 olíumyndum og krítarmyndum í kjallara Norræna hússins. Í

myndum hennar koma fram ofsakennd átök í anda exppressionismans, þar sem trylltum hestum bregður gjarnan fyrir í hlutverki hins frumstæða lífskrafts og þar sem fjúkandi fúaspæk og reka- viðargrindur mynda brestandi viðnám sem lætur undan ofsanum.

Jóhanna sýnir oft tilþrif í áhrifamikilli og djarfri litameðferð þótt stundum skjóti hún einnig yfir markið eins og til dæmis í myndinni **Á Sprengisandi**. En best finnst mér henni takast upp þar sem hún losar sig að mestu við sýnileg tákni eins og í myndinni um höfuðskepnurnar, þar sem Jóhanna kemst næst óhlutbundnum exppressionisma. Það er eins og hin táknræna merking hestsins og grindverksins vefjist stundum fyrir henni og veiki formbyggingu myndanna, þannig að tilfinningahitinn, sem á bak við myndirnar liggur, missir marks. Ég hef það á tilfinningunni að rökréttu leiðin héðan fyrir Jóhönnu sé að losa sig við symbolismann og hella sér út í óhlutbundinn exppressionisma, sem gefur henni greinilega meiri möguleika á að samræma lit og formbyggingu.

Píramídi og þorskhaus

Tryggvi Ólafsson sýnir nú í Gallerí Borg um 35 akrílmýndir í smáu og stóru formi, þar sem hann heldur áfram að þróa sitt agaða myndmál með einföldum

formum og hreinum litarflötum. Þetta eru hvorki ógrandi verk né uppreisnargjörn, heldur öllu fremur klassísk í einföldu formmáli sínu. Þar sem Tryggva tekst best upp eru myndir hans sláandi í einfaldleik sínum, þar sem form og litur ganga upp eins og reikningsdæmi. Tryggvi leitaði á sínum tíma fanga í pop-tónlistinni, sem var eins konar andsvar við modernismanum. En hin hráa myndnotkun poplistarinnar með sinni beinu skírskotun til menningaríðnaðar neyslusamfélagsins átti aldrei við Tryggva og hann hvarf frá beinni skírskotun til samtíma viðburða yfir í æ markvissari lýrskar vangaveltur um samspil forms og lita, þar sem hann tengir saman í heildstæðri myndbyggingu leifar úr fortíð og nútíð eða fyrirbæri úr ríki náttúrunnar og vélamenningunni. Skírskotunin til hins ytri veruleika verður jafnframt æ veigaminni þáttur í verkum hans, heldur leitast hann fyrst og fremst við að láta formin í myndum sínum ríma hvert við annað og lúta þannig lögmálum myndarinnar. Í myndinni „Hróf“, sem er meðal sterkari mynda á þessari sýningu, hefur hann nær alveg horfið frá hlutbundinni skírskotun, og á Tryggvi þá ekki langt í land að lenda á bás með meisturum formhyggju modernismans eins og þeim Richard Mortensen og Þorvaldi Skúlasyni. Í myndinni „Gálkn“, sem er 250 cm á lengd og 64 cm á hæð tekst Tryggva frábærlega að láta ríma saman gamalt hjól, píramídi, hönd og

þorskhaus ásamt með fleiri formum. Þessi mynd, eins og fleiri verk Tryggva, er eins og stemma eða laglína, sem hægt er að lesa frá vinstri til hægri og án þess að skilja í rauninni hvers vegna, þá finnur augað í þessum formum fullkomna hrynjandi. Í þessu er galdurinn í myndlist Tryggva Ólafssonar fyrst og fremst fölginn.

Í ormagarðinum

Að lokum langar mig að geta um sýningu **Ásu Ólafsdóttur** í Gallerí Hallgerði að Bókhöfdu- stíg 2. Þessi skemmtilega og yfir- lætislausa sýning hefur að geyma collage-myndir og myndvefnað og snúast allar myndirnar með einum eða öðrum hætti um hið margræða tákni snáksins. Snákurinn sem ímynd djöfulsins og eða- syndarinnar, snákurinn sem reður- urtákn og tákni fyrir viðkomu lífsins. Ása fer mjúkum og kven- legum höndum um djöfna, og þegar best lætur eru myndir hennar hlaðnar erótískri spennu með sínu löðna yfirborði og sínum ísmeygilegu skírskotunum, eins og til dæmis í myndinni „Jafnvægi“, þar sem litlir fjaðr- aðir þríhyrningar sem leynast undir löðnu yfirborði myndarinnar og svartur saumur í pappirinn mynda rafmagnaða umgjörð utanum snákinn. Það þarf enginn að láta sér leiðast í ormagarði Ásu Ólafsdóttur, þótt þar sé leikið á lágu nótonum, sem reyndar er sjaldgæf hvíld frá hinum háværa bumbuslætti samtímans. **ól.**

Æðasláttur nútímans

Íslenski dansflokkurinn Listdanssýning eftir Hlíf Svavarsdóttur og Nönnu Ólafsdóttur Tónlist: Olivier Messiaen, Lárus H. Grímsson og George Crumb.

Eftir hinn frækilega listsigur dansflokksins síðastliðinn vetur undir stjórn Ed Wubbe beið margur maðurinn spennur eftir framhaldinu. Sú sýning sem hér er á ferðinni er kannski ekki eins metnaðarfull og áhrifamikil og sú síðasta en hún er mjög vel heppnuð og góður vitnisburður um það að dansflokkurinn sé að finna rétta stefnu og stíl. Og að þessu sinni eru dansahöfundar íslenskir.

Nanna Ólafsdóttir hefur unnið mikið og gott starf fyrir dansflokkinn á undanföllum árum. Það voru margir fallegir hlutir í ballett hennar Ógurstund, við undurfallega tónlist Messiaens, einkum sóló Katrínar Hall í lok-

in, en það var einsog vantaði herslumun á formhugsunina. Það gætti vissrar einhæfni í hreyfingum og maður saknaði sterks stíls.

Þessi skortur varð einkum áberandi með samanburði við balletta Hlífar sem einkennast af mjög sterkri tilfinningu fyrir stíl og formi, en Hlíf hefur líka að baki langa og víðtæka reynslu bæði sem dansari og danshöfundur með Hollendingum sem standa í fremstu röð í nútíma- danslist í heiminum.

Duende er saminn við tónverk eftir Bandaríkjamanninn George Crumb sem aftur hefur notfært sér ljóðbrot eftir Lorca. Þetta er seiddandi og áhrifarík tónlist, þrungin hljóðum hafsins og vindsins. Í ballett Hlífar eru fjórir dansarar staddir á strönd hins mikla hafs og tjá í dansi sínum þau sterku öfl lífsins sem toga í manneskjuna úr öllum áttum. Þetta var seiddmagnaður ballett sem sýndi vel hversu hugkvæm

Hlíf er í útfærslu hreyfinga og hve mikla tilfinningu hún hefur fyrir heildarbyggingu og hrynjandi. Guðmunda Jóhannesdóttir og Katrín Hall fóru fallega með sín hlutverk, en hér bar nokkuð á þeim átakanlega skorti á góðum karldönsurum sem lengi hefur hrjád dansflokkinn.



SVERRIR
HÓLMARSSON

Hápunktur þessarar sýningar þótti mér ballettinn Amalgam sem Hlíf samdi sérstaklega fyrir þessa sýningu og Lárus H. Grímsson hefur samið nýtt tónverk fyrir. Tónlist Lárusar er

raftónlist, sterkt, rytmískt verk fullt af æðaslátti og krafti en kalt og vélrænt eins og svo mikið af poppi nútímans. Ballett Hlífar við þessa tónlist er makalaust heilsteyptur, kraftmikill og heillandi. Dansararnir hreyfðu sig eins og vélmenni, í stíl sem minnti bæði á ýmislegt í tónmyndböndum þessa dagana og einnig exppressionisma frá því kringum 1930. Þetta var verk sem bar öll merki dagsins í dag, flutti það sín beint til okkar hér og nú. Þarna var sjálfur taktur tímans á ferðinni: kaldur, vélrænn, kraftmikill, ógrandi og dálítið skelfilegur. Þetta var listviðburður. Sendið sjónvarpið á staðinn.

Sigurjón Jóhannsson gerði ágæta búninga við Ógurstund og Amalgam og Páll Ragnarsson lýsti sýninguna af mikilli þrýði - lýsingin í Amalgam var sérlega góð og átti stóran þátt í að auka áhrifamátt verksins.

Sverrir Hólmarsson.